

Verklagsreglur barnaverndarþjónustu um samræmda framkvæmd umdæmisráðs með vísan til 5. mgr. 4. gr. samnings um rekstur umdæmisráðs Landsbyggða.

- **Nafn á Umdæmisráði**
 - „Umdæmisráð Landsbyggða“
- **Rekstrarkostnaður ráðsins**
 - Sameiginlegur rekstrarkostnaður telst til: launa og búnaðar ráðsmanna
 - Sameiginlegur rekstrarkostnaður ráðsins skiptist á milli sveitarfélaga í samræmi við fjölda íbúa sem Hagstofa Íslands birtir í janúar ár hvert.
 - Annar rekstrarkostnaður svo sem ferðakostnaður (flug, bíll, matur, gisting) og mögulegur kostnaður vegna fundaraðstöðu sjá þær barnaverndarþjónustur um sem eiga mál sem fara fyrir fundi ráðsins hverju sinni.
- **Samningar um kaup og kjör**
 - Formaður umdæmisráðs er ráðinn í fast starf. Lagt til að stöðuhlutfallið verði 60% í upphafi en þörf verður á endurskoðun þegar meiri reynsla kemst á ráðið. Greiðsla verði þá 60% af þingfarakaupi (Fullt þingfarakaup í nóvember 2022 er kr. 1.345.582).
 - Aðrir aðalmenn í ráðinu fá greitt í föst laun sem svarar 15% af þingfarakaupi.
 - Varamenn fá greitt sem svarar 15% af þingfarakaupi fyrir hvern fund sem þeir sitja
 - Taka verður tillit til þess að ferðatími vegna funda getur verið langur og jafnvel komið til þess að ráðsmenn þurfi að gista. Þá er það í höndum barnaverndarþjónustu að greiða fyrir slíkan kostnað, þá gistingu og fæði. Gert er ráð fyrir því að hver barnaverndarþjónusta setji sér ákveðnar reglur varðandi það. Eins og áður ef kostnaður er sameiginlegur á milli einhverra barnaverndarþjónusta þá skiptist sá aukakostnaður jafnt á milli þeirra.
- **Starfsstöðvar umdæmisráða**
 - **Hvar** – Gert er ráð fyrir nokkrum starfsstöðvum innan ráðsins vegna fjarlægðar á milli barnaverndarþjónustu. Barnaverndarþjónustur geta hinsvegar sameinast um starfsstöð. Til að tryggja fjarlægð og fagleg vinnubrögð koma starfsstöðvar ráðsins ekki til með að vera innan veggja barnaverndarþjónustunnar. Í hverri starfsstöð þarf að vera gott aðgengi að internettengingu og fjarfundarbúnaði. Gott fundarherbergi, biðstofa, snyrting og boðið uppá hressingu.
 - **Búnaður** – í upphafi starfstíma ráðsins er keypt fartölva fyrir hvern ráðsmann aðalmann og varamann (er það gert til að tryggja að aðgangur að gögnum sé eingöngu aðgengilegur í gegnum þær tölvur en ekki einkatölvur hvers og eins). Fartölvurnar eru eign umdæmisráðsins.
 - **Aðgangur að gagnagrunni.** Tryggja þarf rafrænt og öruggt aðgengi ráðsmanna að nauðsynlegum gögnum sbr. það sem ONE kerfið getur boðið uppá. Þar er hægt að opna sérstaklega fyrir aðgang og eins að loka aðgangi. Ekki er opnaður aðgangur fyrir varamann í ráði nema hann sé kallaður til vegna forfalla aðalmanns.
 - **Verkefni formanns ráðsins:** Ritun úrskurðar/bókunar og birting hans til barnaverndarþjónustunnar og aðila máls. Ráðsmaðurinn boðar aðra ráðsmenn til fundar og ákveður fundartíma og fundarstað í samráði við forstöðumenn viðeigandi barnaverndarþjónustu.
 - **Verkefni yfirmanns barnaverndarþjónustu (lögfræðings eftir atvikum):**

Forstöðumaður sér um framkvæmd úrskurðar/bókunar og lögfræðingur framfylgir úrskurði fyrir dómi þegar það á við. Yfirmaður barnaverndarþjónustunnar ber ábyrgð á ferðatilhögun ráðsmanna í samráði við formann ráðsins. Í því felst bókanir vegna flug, akstur, aðstöðu og annað sem ferðatilhögun tilheyrir. Yfirmaður barnaverndarþjónustu ber ábyrgð á boðun aðila máls og lögfræðinga þeirra á fund umdæmisráðs. Séu barnaverndarþjónustur að sameinast um fund gildir sú almenna regla að ferðakostnaður og hressing deilist jafnt á milli þeirra og fjölmennasta sveitarfélagið sér um þá framkvæmd og sendir reikning.

- **Verkefni umsýslusveitarfélags:** Umsýslusveitarfélag sér um allan launakostnað ráðsmanna og sendir reikning til sveitarfélaga ársfjórðungslega. Umsýslusveitarfélagið sér um kaup og endurnýjun á fartölvum. Það sér einnig um að óska eftir framlagi til Jöfnunarsjóðs sveitarfélags með það að markmiði að jafna aðstöðumuninn á milli ráðanna og vegna ferðakostnaðar ráðsmanna og mögulegan kostnað vegna verkefna umsýslusveitarfélags. Umsýslusveitarfélagið sendir yfirlit og reikning til sveitarfélaga ráðsins ársfjórðungslega. Febrúar, maí, ágúst og nóvember alla jafna.